

Ónæmisfræðideild Landspítala

Breytingar á RF-Rheumaton mótetnamælingum

Kæri læknir

Reykjavík 01. júlí 2020

Undanfarin ár höfum við notað prófefni fyrir RF-Rheumaton skimpróf sem nú er ófáanlegt. Við höfum því tekið upp ný prófefni frá öðrum framleiðanda sem gefa sambærilegar niðurstöður og fyrri prófefni.

Niðurstöður nýja RF-Rheumaton skimprófsins verða gefnar út með sama hætti og áður þ.e. neikvætt og jákvæðum prófum með (+), + eða ++.

RF-RAPA kekkjunarpróf hefur verið notað sem framhaldspróf til þess að magnmæla tilvist IgM gigtarþátts ef RF-Rheumaton skimpróf hefur verið jákvætt. Þar sem RF-RAPA próf eru ekki lengur fáanleg munum við framvegis meta magn jákvæðs skimprófs á Rheumaton kekkjunarprófi með áframhaldandi títer þynningum. Jákvæðum Rheumaton skimprófum verður því svarað sem 1:2, 1:4, 1:8, 1:16, 1:32 eða þar til endaðþynningu er náð.

Áfram verður boðið upp á RF-Elísa skimpróf og RF-ísótýpur í framhaldi ef skimprófið er jákvætt. Engin breyting verður á CCP mótetnamælingum.


Að öðru leiti verður engin breyting á kostnaði eða svörunartíma rannsókna við þessa breytingu. Því vonumst við til að þessi breyting muni veita sambærilega þjónustu og áður.

Ef einhverjar spurningar vakna vinsamlegast hafið samband við sérfræðinga ónæmisfræðideildarinnar.



Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir

Kær kveðja



Anna Guðrún Viðarsdóttir, yfirlífeindafræðingur